

Hafnarfirði 20. febrúar 2018.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Samantekt á starfi fræðslu- og frístundasviðs og fjölskyldusviðs vegna snemmtækrar íhlutunar og þróun þjónustu og úrræða fyrir börn með fjölþættan vanda

Samráðshópur sex starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar var settur af stað í janúar 2017. Hópurinn samanstendur af þremur sérfræðingum frá fjölskyldusviði og þremur frá fræðslu- og frístundasviði. Hópnum var ætlað að vinna tillögur að smíði módelis sem inniheldur lausnir í málefnum barna og ungmenna í Hafnarfirði með snemmtækri íhlutun og þverfaglegu samstarfi sviðanna tveggja. Markmiði tilagnanna áttu að snúa að því að efla þjónustu, samræma vinnulag sviðanna, efla tengsl innan kerfisins, stytta leiðir og einfalda ferli mála. Samræming upplýsinga, ferla og leiða sem fagfólk leik- og grunnskóla og foreldrar geta nýtt til að vinna hraðar, betur og fyrr í málum nemenda áður en vandinn er orðinn stór. Megin þráðurinn er að með snemmtækri íhlutun verði hægt að koma nemendum og fjölskyldum þeirra til aðstoðar fyrr en ella. Þannig verði hægt að koma til móts við nemendur í skólum án aðgreiningar og þegar til lengri tíma er litið fækka þeim nemendum sem þurfa sérúrræði síðar á skólagöngunni. Samhliða því að skólarnir geti sinnt hlutverki sínu.

Fræðslu- og frístundarþjónusta hefur unnið að því að endurskoða ferla innan stoðþjónustunnar, leiðir til að efla ráðgjöf til skólanna og efla skólana í að vinna í málum nemenda innan hvers skóla. Auk þess hafa starfsmenn sviðsins unnið að því að kortleggja þau úrræði sem nú þegar eru í boði með það fyrir augum að efla þau og hafa úrræðin innan hvers skóla og utan skólanna sem fjölbreyttust.

Þrír starfsmenn verða ráðnir hjá fjölskylduþjónustu til að sinna nemendum leik- og grunnskóla í samvinnu við starfsfólks fræðslu- og frístundarþjónustu, lausnarteymi skólanna, stjórnendur og foreldra.

Verkefnastjóri hefur verið ráðinn og tveir starfsmenn til viðbótar verða ráðnir á næstu vikum. Stefnt er að því að verkefnið fari af stað á nýju skólaári. Þrjú skólahverfi munu vinna að þróuninni ásamt samráðshópnum og starfsmönnum þrem sem ráðnir eru í verkefnið. Auk samráðshópsins sem fer fyrir þróun verkefnisins hefur verið sett af stað samræmingarteymi þvert á sviðin sem vinnur sameiginlega að lausnum einstaklingsmála ásamt skólum bæjarins. Einnig er hópur meistaranema í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík að vinna í samvinnu við samráðshóp sviðanna að gerð verkferla og handbókar um starfið. Þeirri vinnu verður lokið í maí. Fyrirhugaður er vinnudagur með skólunum í júní þar sem stjórnendur og lykilstarfsfólk skólanna fær kynningu og tækifæri til frekari þátttöku í þróun verkefnisins áður en haldið verður af stað í nýtt skólaár.

Hér vinnum við að því að innleiða snemmtæka íhlutun í sinni skýrustu og sterkustu mynd svo vandi barna vaxi ekki jafnt og þétt út skólagöngu þeirra. Að kerfið bjóði upp á stuðning til handa nemendum og skólum með það fyrir augum að bæta starfsaðstæður, efla þjónustu og stuðning við skólana sem eitt af mikilvægustu forgangsverkefnum sveitarfélagsins í því að efla nemendur og minnka álag á skólakerfið til handa starfsfólki og nemendum.

Virðingarfyllt

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu.